

Ef forráðamenn, þrátt fyrir ráðleggingar heilbrigðisstarfsfólks, ákveða að hafna bólusetningum fyrir barn sitt þarf að skrá það í Ískrá á eftirfarandi hátt (3 atriði):

## 1) Höfnun skráð:

- Tvísmella í gluggann ,ónæmi' í línu nemandans í bekkjarskrá (*mynd 1*).
- Í ónæmisaðgerðarglugganum sem opnast er hakað í ,hafna' kassann fyrir aftan viðkomandi bóluefni sem á að hafna (*mynd 2*).
- Þá kemur upp viðvörðunargluggi sem spyr hvort örugglega eigi að HAFNA viðkomandi bóluefni.
- Smellt er á ,Yes' til að skrá höfnun á viðkomandi bóluefni og sendir Ískrá upplýsingar um það í bólusetningargrunn sóttvarnalæknis.
- Dagsetningin virkjust sjálfkrafa þegar smellt hefur verið á ,yes' og þá verður ekki hægt að skrá viðkomandi bóluefni á nemandann. Hægt er að breyta dagsetningunni með því að skrifa ofan í dagsetningu dagsins áður en glugganum er lokað.
- Höfnuð bólusetning birtist á yfirliti yfir ónæmisaðgerðir (*mynd 3*). Þar er einnig hægt að ógilda skráningu á höfnun, með því að smella í kassann undir ,ógilda', ef forráðamönnum snýst hugur.

#	Nafn	Athugasemdir	Samskipti	Líkamsmat	L...	Ónæmi	Lífstílsmat	Hæð/þyngd	LP/S	Sjón	Bólus.staða	Lyf	Ók.
1	Binnjón Finnjónsson		0			X		07.09.2015	15.0	A+			0
2	Finnjón Fjóluson		56	11.09.2015	X				0.0	E		X	0
3	Hansína Hansdóttir		45				11.10.2016			A	Hafnað hl.	X	0

**Mynd 1:** Til að skrá höfnun á bólusetningu hjá Finnjóni þarf að tvísmella í línuna hans í bekkjarskrá undir ,ónæmi.

Aðgerðir	Dagsetning	Hafnað
Boostrix (barnaveiki + kíghósti + stífkrampi)	..	<input type="checkbox"/>
Boostrix Polio (barnaveiki + kíghósti + stífkrampi + mænusótt)	..	<input type="checkbox"/>
Cervarix (HPV - Human Papilloma Virus)	..	<input type="checkbox"/>
Gardasil (HPV - Human Papilloma Virus) 1 - 2	..	<input type="checkbox"/>
MMRVaxPro (hettusótt + mislingar + rauðirhundar)	..	<input checked="" type="checkbox"/>
NeicVac-C (heilahimnubólga - meningókokkar C)	..	<input type="checkbox"/>

**Mynd 2:** Hakað er í dálkinn í línu viðkomandi bóluefnis undir ,Hafnað' til að skrá höfnunina.

Ónæmisaðgerðir	Dagsetning	Skráningarkerfi	Ógilda
Hafnað: MMRVaxPro (hettusótt + mislingar + rauðirhundar)	08.11.2016	ÍSKRÁ	<input type="checkbox"/>

**Mynd 3:** Á yfirliti yfir ónæmisaðgerðir kemur ,Hafnað:' fyrir framan viðkomandi bóluefni. Ef forráðamönnum snýst hugur er hægt að ,ógilda' höfnunina með því að smella í dálkinn undir ,ógilda'

## 2) Merkja bólusetningastöðu – Hafnað/Hafnað að hluta

Þegar bólusetningu er hafnað þarf að merkja bólusetningastöðu nemandans eftir því.

Farið er í örina í línunni ,Bólusetningar' í ónæmisaðgerðarglugganum (einnig hægt í heilsufarsskrá nemandans) og valið af listanum ,Hafnað/Hafnað að hluta' eins og við á (*mynd 4*).

Aðgerðir	Dagsetning	Hafnað
Boostrix (barnaveiki + kíghósti + stífkrampi)	..	<input type="checkbox"/>
Boostrix Polio (barnaveiki + kíghósti + stífkrampi + mænusótt)	..	<input type="checkbox"/>
Cervarix (HPV - Human Papilloma Virus)	..	<input type="checkbox"/>
Gardasil (HPV - Human Papilloma Virus) 1 - 2	..	<input type="checkbox"/>
MMRVaxPro (hettusótt + mislingar + rauðirhundar)	08.11.2016	<input checked="" type="checkbox"/>
NeicVac-C (heilahimnubólga - meningókokkar C)	..	<input type="checkbox"/>

**Mynd 4:** MMRVaxPro bólusetningu var hafnað hjá Finnjóni og því er bólusetningastaða hans merkt ,Hafnað að hluta'

### 3) Skrá samskipti um höfnun:

Skrá þarf samskipti þegar forráðamenn hafna bólusetningu hjá barni sínu.

- Tvísmella á bólusetningastöðu nemandans þar sem skráð er ‚Hafnað/Hafnað að hluta‘ (**mynd 5**).
- Forskráð samskipti opnast í tilefnisflokknum ‚Ónæmisaðgerðir‘ (**mynd 6**).
- Forskráningunni er hægt að breyta eftir þörfum með því að ‚afhaka‘ og haka í aðra möguleika.
- Skrá þarf í lýsingu samskiptanna hvaða bólusetningu er hafnað.
- Mikilvægt er að fá staðfestingu á höfnuninni frá foreldrum með [eyðublaði](#) eða tölvupósti. Tölvupóstinn þarf að afrita(Ctrl C) og líma(Ctrl V) inn í lýsingu samskiptanna.

Ónæmisaðgerðir

Nemandi: Finnjón Fjóluson

ATH! Kennitala nemandans er ekki gíð!  
Bólusetningar verða því ekki sendar í bólusetningargrunnin.

Aðgerðir	Dagsetning	Hafnað
Boostrix (barnaveiki + kíghósti + stífkrampi)	..	<input type="checkbox"/>
Boostrix Polio (barnaveiki + kíghósti + stífkrampi + mænusótt)	..	<input type="checkbox"/>
Cervarix (HPV - Human Papilloma Virus)	..	<input type="checkbox"/>
Gardasil (HPV - Human Papilloma Virus) 1 - 2	..	<input type="checkbox"/>
MMRVaxPro (hettusótt + mislingar + rauðirhundar)	08.11.2016	<input checked="" type="checkbox"/>
NeicVac-C (heilahimnubólga - meningókokkar C)	..	<input type="checkbox"/>

Bólusetningar: 08.11.2016 - HAFNAÐ AÐ HLUTA

Bólusetningargrunnur Loka gluqqa Skráð í Sögu Yfirlit

Mynd 5: Tvísmella er í bólusetningastöðu Finnjóns ‚Hafnað að hluta‘ til að opna samskipti.

Samskipti

Tilefnisflokkar

ANDLEG OG FÉLAGSLEG LIÐAN	ÁVERKAR OG SLYS Á SKÓLATÍMA	LANGVINNUR HEILSUVAÐI	LÍFSSTÍLSÞÆTTIR
LÍKAMLEGIR ÞÆTTIR	LÚS - NJÁLGOR - KLÁÐAMAUR	ÓNÆMISADGERDIR	SKIMANIR OG MÆLINGAR

Nemandi: Finnjón Fjóluson

Kennitala: 150406-1239

Læknisfræðileg greining: Torlæsi - Dyslexia

16.11.2016

Tilvísun til læknis  Ókíráuð

Brevla Evða Prenta Yfirlit Loka gluqqa

Mælingar

Púls:  Blóðþrýstingur:  Öndun:  Hitt:

Hjúkrunarviðfangsefni

Aukaverkanir bólusetninga

Hiti

Ófnæmislost \*

Óþægindi

Roði á stungustað

Yfirlit

Annað

Fyrirspurn

Hræðsla við sprautur

Hætta á ofnæmisviðbrögðum

Ófullnægjandi ónæmisaðgerð \*

Upplýsingar frá forráðamanni \*

Annað

Hjúkrunarmeðferð

Höfnun vistuð í sjúkraskrá

Ráðleggingar um meðferð og forvarnir

Eftirlygd

Heimferð

Hvatning

Hvíld, umönnun og nærvera

Mæling lífsmarka

Samskipti við forráðamann

Skyndihjálp

Tilvísun á bráðamóttöku

Tilvísun á heilsugæslustöð

Tilvísun til læknis

Tilkyrning til Lyfjastofnunar

Lýsing

MMRVaxPro hafnað, sjá eftirfarandi tölvupóst frá móður

Sæl,

Ég óska eftir að barn mitt, Finnjón Fjóluson, fái ekki MMRVaxPro bólusetninguna.

Með fyrirfram þökk,  
Fjóra Finnjónsdóttir

Framvinda

Mynd 6: Forskráð samskipti opnast sem hægt er að breyta eftir þörfum. Skráð er í lýsingu samskiptanna hvaða bólusetningu er hafnað og einnig var sett inn í samskiptin staðfesting frá móður Finnjóns varðandi höfnunina.